

## Aðalfundur SART 2020

**Haldinn föstudaginn 28. maí 2021 kl. 9:00 á Grand Hótel Reykjavík, 4. hæð, Háteigi.**

Hjörleifur Stefánsson, formaður SART, setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Formaður lagði til að Lárus A. Jónsson yrði fundarstjóri og tilnefndi Steinunni Pálmadóttur sem ritara fundarins. Engar athugasemdir voru gerðar við það.

Fundarstjóri tók þá við fundarstjórn og fór yfir að skv. reglum samtakanna þá hefði fundurinn verið löglega boðaður. Fundarboð var sent með tölvupósti þann 23. mars 2021 en var frestað vegna Covid-19 og settur aftur á dagskrá og auglýstur þann 14. apríl 2021. Ítrekanir um fundinn voru sendar út 19. maí og 26. maí sl. Enginn athugasemd kom frá fundargestum varðandi lögmati fundarins. Fundarstjóri lýsti fundinn formlega settan og var gengið til dagskrár.

### Dagskrá:

1. Formaður SART og Kristján D. Sigurbergsson, framkvæmdastjóri SART, gerðu grein fyrir störfum stjórnar og skrifstofu fyrir liðið starfsár.
  - Finna má yfirferð formanns og framkvæmdarstjóra SART í *viðauka 1* og *viðauka 2*.
2. Reikningar samtakanna fyrir liðið reikningsár.
  - Næst fór framkvæmdarstjóri yfir ársreikning SART fyrir árið 2020. Tekjur lækkuðu vegna niðurfellingu eins gjalddaga vegna Covid 19. Hagnaður var á árinu.
  - Framkvæmdarstjóri fór yfir ársreikning Orlofsheimilásjóðs SART fyrir árið 2020 og útskýrði að hagnaður var á árinu. Á haustdögum verður skoðað hvort þurfi að fara í frekari framkvæmdir, þ.e. sinna þarf viðhaldi á húsunum.
  - Framkvæmdastjóri spurði hvort að einhverjar athugasemdir væru um ársreikning SART eða ársreikning Orlofsheimilásjóðs. Engar athugasemdir komu. Framkvæmdastjóri spurð þá hvort allir væru sáttir með ársreikninganna og lýstu sig allir sáttu.
3. Skýrslur aðildarfélaga.
  - Framkvæmdarstjóri SART flutti samantekt af erindum frá öðrum aðildarfélögum í SART. Kynningin er í *viðauka 3*.
  - Pétur H. Halldórsson fór yfir störf FLR. Kynningin er í *viðauka 4*.
4. Umræður og afgreiðsla mála sem á löglegri dagskrá eru.
  - Ekki liggja fyrri tillögur um breytingu á samþykktum félagsins og fellur þessi liður því niður.
5. Kosning formanns
  - **Hjörleifur Stefánsson** formaður SART gefur kost á sér til áframhaldandi formennsku, önnur framboð hafa ekki komið fram innan tilskilins framboðsfrests. Hjörleifur er því sjálfkjörinn formaður SART til næstu tveggja ára.
6. Kosning tveggja skoðunarmanna og varamanna þeirra

- Fundarstjóri kynnti frambjóðendur
- Fyrri skoðunarmenn gáfu kost á sér til áframhaldandi starfa: Lárus Andri Jónsson og Arnbjörn Óskarsson. Gunnar H. Sigurðsson og Stefán Albertsson gáfu kost á sér til varamanna. Allir samþykktu þá sem skoðunarmenn og varamenn.

## 7. Önnur mál

- Formaður bað um að farið væri yfir allar nefndir og stjórnir innan SART, félagsmönnum til upplýsinga. Framkvæmdarstjóri fór yfir allar nefndir og stjórnir SART og hverjir sátu í þeim.
- Á stjórnarfundum SART 5 mars sl. var samþykkt bókun gegn leppun og er bókunin í samræmi við ályktun stjórnarfundar Meistaradeildar SI. Í meistaradeildinni sitja formenn allra meistarafélaga í mannvirkjagreinum innan SI þar sem skorað var á meistarafélögin að taka afstöðu gegn leppun og samþykkja bókun þess efnis á aðalfundum meistarafélaganna.

Stjórn leggur til að aðalfundur samþykki eftirfarandi bókun:

***Aðalfundur SART haldinn 28.05.2021 felur aðildarfélögum SART að vinna markvisst að því að koma í veg fyrir leppun í rafiðngreinum innan og utan samtakanna.***

Fundurinn samþykkir bókunina samhljóða.

- **Viðhorfskönnun SART:** Framkvæmdastjóri fór yfir viðhorfskönnun sem lögð var fyrir félagsmenn SART. Rúmlega þriðjungur svaraði könnuninni. 48 af höfuðborgarsvæðinu og 28 af landsbyggðinni. Gott þversnið af félagsmönnum fengust í svörum. Farið var yfir svörum og þær upplýsingar sem fram komu í opnum spurningum. Rauður þráður var meðal svarenda að vilja koma í veg fyrir leppun. Ákall eftir aðgangi að lögfræðipjónustu.
- **Lögfræðipjónusta SI.** Steinunn Pálmadóttir lögfræðingur hjá SI fór yfir þjónustu lögfræðisviðs SI og vinnumarkaðsráðgjöf SA. Einnig var farið yfir praktísk atriði.
- **Staðlaðar magntölulýsingar.** Andri Reyur Haraldsson starfsmaður Ákvæðisvinnustofa Rafiðna fór yfir þá vinnu sem Ákvæðisvinnustofa hefur staðið fyrir varðandi staðlaðar magnskrárlýsingar. Fór yfir starf rýnihóps og þá vinnu sem er í gangi við þróun kerfis sem hugsað er fyrir verkfræðistofurnar og rafverktaka.
- **Styrktarsjóður RSÍ uppfærður samningur SART við RSÍ.** Framkvæmdastjóri Sart fór yfir uppfærðan samning SART við RSÍ.
- **Almennar umræður:**
  - Fundarstjóri bauð fundargestum þá að koma upp í púlt ef þeir hafa eitthvað sem þeir vildu ræða
  - Einn fundarstjóri kom í pontu og var jákvæður fyrir vinnu Ákvæðisvinnustofu Rafiðna. Þakkaði fyrir störf allra þeirra sem taka þátt í stjórnarstarfi og nefndarvinnu. Mælti með að störf yrðu unnin í mælingu það sparaði mikið, tíma peninga og væri besta tækni og tækifæri til að stytta



vinnudaginn. Gerir alla vinnu skilvirkari. Hagsmunamál að stytta vinnuvikuna. Auðveldara ef menn vinna í þessu umhverfi mælinga.

Engin önnur mál voru rædd og var fundi slitið kl. 11:30.

## Viðauki 1. Kynning á störfum stjórnar

*Eftirfarandi er kynningin eins og hún var borin fram á aðalfundi SART 28. maí 2021 af Hjörleifi Stefánssyni, formanni SART:*

### Formaður byrjar skýrslu sína á að minnst látinna félagi

#### Andrés Elíasson

Andrés fæddist á Eskifirði 22 ágúst 1957 hann lést af slysförum 6.ágúst 2020 Andrés stofnaði sinn eigin rekstur árið 2002 eftir að hafa starfað fyrir hraðfrystihús Eskifjarðar sem rafvirki

#### Einar Þór Sigurþórsson

Einar fæddist í Fljótshlíð 15 desember 1940 hann lést á heilbrigðisstofnun Suðurlands 16 desember 2020 Einar lauk sveinsprófi í rafvélavirkjun 1962 og fékk meistararéttindi 1967 einar starfaði sem bóndi samhliða rafvirkjuninni

#### Magnús Hans Magnússon

Magnús fæddist á Hólmavík 2 febrúar 1952 hann varð bráðkvaddur á heimili sínu 19 október 2020

Magnús starfaði alla tíð við rafvirkjun frá 1972 á vestfjörðum ásamt því að vera fréttaritari morgunblaðsins og sinna uppbyggingu ferðamála á vestfjörðum Magnús sat sem varamaður í stjórn Sart

#### Reynir Ásberg Nielsson

Reynir fæddist 26 apríl 1931 í Borgarnesi hann lést 12 apríl 2021 í Brákahlíð í Borgarnesi

Reynir lauk sveinsprófi 1954 og fékk löggildingu 1955 1956 stofnaði hann sinn eigin rekstur og starfaði við hann til 2001 Reynir er einn af stofnfélögum Samtaka rafverktaka á vesturlandi eins sat hann í stjórnnum Lír frá 1969-1976 Reynir var duglegur að sækja aðalfundi rafverktaka á meðan heilsa leyfði

#### Guðmundur Hallgrímsson

Guðmundur fæddist 19 maí 1936 á Fáskrúðsfirði hann lést 23 apríl 2021

Guðmundur starfaði alla tíð sem rafverktaki eins var hann mikill íþróttamaður og keppti á fjölda móta á vegum UMFÍ

#### Jón Finnur Ólafsson

Jón fæddist í Reykjavík 28 október 1953 hann lést sl föstudag 21.maí

Jón lauk sveinsprófi 1975 hann tók út löggildingu um 1980 hann starfaði hjá Árvirkjanum frá 1980

Varð framkvæmdastjóri 1997 og starfaði sem slíkur til dauðadags

## **Vil ég biðja fundarmen að rísa úr úr sætum og votta föllum félögum virðingu okkar**

Frá síðasta aðalfundi sem þurfti að fresta fram í júní hafa 7 fundir í framkv.stj. og 3 stjórnarfundir verið haldnir þá í bland á staðnum eða Teams fundir 1 stjórnarfundur var haldin á Ísafirði og er það í takt við ákvörðun stjórnar að halda amk einn stjórnarfund á landsbyggðinni vil ég þakka Sævari í Pólnum kærlega fyrir skipulagningu þess fundar. Félagsfundir voru haldnir í félögunum eftir þörfum eins tókst þrátt fyrir allt að halda aðalfundi í flestum félögum

Ýmis réttindamál rafverktaka eru reglulega til umræðu þar ber helst að nefna skýrslu sem pöntuð var hjá OECD þar sem vegið var að löggildingu iðngreina. Ýmsum mótspilum var spilað gegn rökum úr skýrslunni og tel ég að skrifstofa SI hafi staðið sig einstaklega vel í því máli og er þessi hluti skýrslunnar ekki framarlega í umræðunni nú en aftur á móti getum við tekið undir þann hluta skýrslunnar sem snýr að einföldun regluverks

### **Iðnnám:**

Í framhaldi af Kveikspætti þar sem hinn akademíski hluti iðnnámsins kom fram sú skoðun að hið eina rétta væri að verknám ætti að vera á forræði skólasamfélagsins viðbrögð okkar í Rafmennt og Iðunni var að taka höndum saman og bjóða fram vettvang til þess að sjá um að koma nemum í starfsþjálfun á markaðnum þetta mál er í vinnslu og hef ég fulla trú á að þarna höfum við komið fram með heildarlaun sem skólasamfélagið hefði sennilega ekki leyst eins markvist. Eftir góða heimsókn forsvarsmanna Sart í Raftækniskólann var tekin ákvörðun um að endurvekja fagråd skólans og virkja það til góðra starfa, nú þegar hefur verið skipað í fagráðið af hálfu Sart

Formaðir situr í stjórn SA og eins er hann fulltrúi á fundum meistaradeildar fundir á þessum vettvangi voru að miklu leiti tengdir covid málum og voru flestir á Teams eins voru fundir sem SI stóð fyrir þar sem formenn allra meistarafélaga voru boðaðir voru þetta gagnlegir upplýsingafundir. Helstu málefni sem tengdust kjaramálum var að upptaka virks vinnutíma og stytting vinnuvikunnar tók endalega gildi eftir aðlögunartíma. Mjög misjafnt var hvernig fyrirtæki tóku á þessu mörg hver höfðu fyrir löngu tekið upp þessar breytingar, líklegast var þetta mjög góð laun við ofskrifuðum tímum í gegnum tíðina

### **Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins.**

Ég vil minna rafverktaka á að vinnumarkaðssvið SA er okkar vettvangur til þess að greiða úr hugsanlegum deilumálum vegna kjaramála það er einkennilega margir rafverktakar sem leita lausna í kjaratengdum málum hjá Rsi

Mikið starf er unnið á skrifstofu SI til þess að gæta að hagsmunum og kynningum fyrir rafverktaka þar má nefna átak í auglýsingamálum sem er kynningar átakið Meistarinn.is nú nýlega var frumsýnd auglýsing sem er sérsniðin að rafiðnaðinum. Réttindi er varða útboðsmál má þar nefna kærur er var lögð fram vegna Led væðingar götulýsingar hjá Reykjavíkurborgar þar samið var við ON án útboðs. Úrskurður kom fyrir nokkrum dögum þar sem þessi gjörningur var dæmdur ólöglegur. Samstarf við staðlaráð hefur verið útvíkkað þannig að allir staðlar er lúta að okkar fagi eru nú aðgengilegir án sérstaks endurgjalds. Lögfræðideild Si hefur úrvalsfolk sem getur greitt götu okkar í málefnum sem lúta að lögfræðilegum málum okkar

### **Lásaeign:**

Öryggismál í okkar starfsgrein eru alltaf ofarlega á baugi. Lásaeign orðin mjög útbreidd en notkun mætti vera markvissar, það er okkar hlutverk að gera kröfu á notkun útleysingarferla og notkun lásanna. Í samstarfi við Vinnueftirlitið hefur verið unnið að áhættumati fyrir rafiðnaðinn sem er aðgengilegt að kostnaðarlausu hjá vinnueftirlitinu er þetta kerfi sem nefnist OIRA og er sam- evrópskt kerfi sem er hugsað fyrir vertaka

### **Einstaklingsmiðuð áhættumat Landsvirkjunar.**

Að frumkvæði formanns tók Rafmennt samtal við Landsvirkjun um að fá aðgang að einstaklingsmiðuðu áhættumati fyrir rafiðnaðinn tók LV mjög vel í erindið og gaf rafiðnaðinum aðgang að að grunnkerfi appsins okkur að kostnaðarlausu. Er nú verið að leggja lokahönd á aðlögun kerfisins fyrir okkur þannig að starfsmenn okkar ættu innan skamms tíma að geri eigið áhættumat í appi.

### **Endurskipulagning Rafiðnaðarskólans**

Eftir mikla vinnu við endurskipulagningu Rafiðnaðarskólans og fræðsluskrifstofu starfsiðnaðarins sem varð að Rafmennt sjáum við mikinn árangur þar sem mikil festa og fagmennska er í stolti rafiðnaðarins. Sem er Rafmennt endurmenntunarstofnun rafiðnaðarins. Nú eru helstu áskoranir að horfa til framtíðar er varðar endurmenntun og vil ég hvetja rafverktaka til þess að stuðla að því að starfsfólk okkar og við sjálfir sækjum þekkingu í menntasetur okkar.

### **Rafmennt**

Spjaldtölvuverkefni Rafmenntar er enn í fullu gildi en einhverjar umræður eru um að hugsanlega sé notkun á vélunum ekki næg í náminu vegna gæða á vélunum. Nú er verið að fara yfir það hvort eigi að kaupa vélar af meiri gæði sem gæti verið töluvert dýrara verkefni en gætu mögulega hentað betur til kennslu. Ég tel að það þurfi að skoða þessa möguleika gaumgæfilega eins þarf að gera stóratök í Rafbókinni í námsgagnagerð þetta hvorutveggja styður hvert annað, ef við ætlum að halda úti rafbók og spjaldtölvuverkefninu þarf það að vera gert að miklum metnaði og gæðum.

Í stjórn Rafmenntar sitja nú 4 fulltrúar ásamt varamanni þar eru 2 rafvirkjameistarar 1 rafvélavirkjameistari og 1 rafeindavirkjameistari.

Ferilbókin margumrædda er á lokametrum vonandi kemst hún fljótt í gagnið því hún er forsendan fyrir því að hægt sé að halda utanum nám nema í verklegum þætti námsins

### **Norrænt samstarf**

Norrænt samstarf hefur verið fastur liður í starfsemi Sart en vegna Covid þurfti að blása af norrænan fund hér í Reykjavík sem til stóð að halda í ágúst í fyrra. Ljóst er að fundur verður ekki haldin nema rafrænt á þessu ári en vonandi gangur allt sinn vanagang á næsta ári og hugsanlega verður fundurinn þá hér.

### **Viðhorfskönnun**

Nýlega stóð SART fyrir viðhorfskönnun meðal félagsmanna, niðurstöðurnar verða kynntar lauslega seinna í dag en ég tel að athugasemdirnar frá félagsmönnum séu sérstaklega dýrmætar fyrir samtökin og verða þær hafðar til hliðsjónar í stefnumótunarvinnunni sem ákveðið hefur verið að ráðast í á haustdögum.

Eftir hádegi verður ráðstefna um útboðsmál sem ég vona að sem flestir fundarmanna sjái sér fært að mæta á



## Viðauki 2. Kynning á störfum skrifstofu SART

*Eftirfarandi er kynningin eins og hún var borin fram af Kristjáni D. Sigurbergssyni, framkvæmdarstjóra SART, á aðalfund SART 28. maí 2021.*

### **Almennt úr starfi stjórnar og félagsstörf**

Þrátt fyrir að Covid hafi haft mikil áhrif á viðburði sem til stóð að halda þá var eftir sem áður töluverð vinna unnin á vettvangi SART. Zoom og Teams fjarfundir sem fæstir þekktu af eigin raun voru nýttir eftir því sem aðstæður leyfðu og tókst þannig að halda úti fundum og fræðslu sem ella hefði fallið niður.

Meðalaldur félagsmanna SART fer hækkandi og til að halda félaginu á floti er mjög mikilvægt að sofna ekki á verðinum. Við þurfum allir að vera vakandi fyrir því að að fjölga félagsmönnum, ekki síst að reyna að ná til yngri meistara til að tryggja framtíð félagsins.

Að mínu mati er eitt það skynsamlegasta sem löggiltur rafverktaki sem er að hefja eigin rekstur getur gert til skjóta styrkari stoðum undir starfsemi sína er að ganga til liðs við SART því þjónustan sem við veitum í nafni SART, SI og SA er ómetanleg þegar á reynir, það hafa flestir hér inni reynt á eigin skinni. Í því samhengi hefur SI útbúið fræðsluefni fyrir nemendur meistarakólans þar sem kostir aðildar að meistarafélögum innan SI er tíunduð.

Eins og fram kom í skýrslu formanns voru teknir inn 12 nýir félagsmenn á liðnu starfsári en á móti gengu 8 aðilar úr félaginu og 3 eru á uppsagnarfresti. Þessi niðurstaða sýnir að við megum ekki sofna á verðinum og þurfum að gera betur í því að fá ný fyrirtæki til liðs við SART, því kyrrstaða er í raun afturför.

### **Fagnefnd SART.**

Formaður FRT var fenginn til liðs við Fagnefndina til að tryggja að sjónarmiða rafeindavirkja í verkefnum Fagnefndar fái fulla athygli.

Fagnefndin fundaði á starfsárinu með fulltrúum HMS um fyrirhugaða reglugerð um þjónustu við Brunaviðvörðunarkerfi.

Eftir fund Fagnefndar SART með HMS í sumar þar sem þessi mál voru rædd voru teknir saman helstu áherslupunktur SART og þeir sendir til HMS. Samkvæmt þeim upplýsingum sem berast innan úr HMS verður tekið mikið tillit við áherslupunkta SART við smíði reglugerðarinnar.

Fagnefnd fundaði einnig með fulltrúum SAMORKU um fyrirhugaðar breytingar á Reglugerð um raforkuvirki.

### **Ákvæðisvinnunefnd**

Ákvæðisnefnd hélt 8 fundi á árinu 2020 varðandi ýmis mál er vörðuðu ákvæðisgrunninn. Ný heimasíða leit dagsins ljós árið 2020 og féll hún mjög vel í kramið hjá notendum. Aukin hraði ásamt nýjum möguleikum gera Ákvæðisvinnugrunninn töluvert aðgengilegri. Síðan er notendavænni í spjaldtölvum og símum, sem er lykilatriði til þess að ná inn notendum nútímans. Einnig opnast nú möguleikar til ýmissa uppfærslna til framtíðar.

Stærsta verkefnið framundan hjá Ákvæðisvinnustofu er án efa tilboðs-útboðssiða sem er í vinnslu og mun vonandi vera tilbúin til notkunar í lok árs 2021. Þeirri síðu er ætlað hönnuðum og rafverktökum til þess að samræma gögn og skilning aðila á verkefnum. Þar verður hægt að gera kostnaðaráætlanir, útboð og tilboð í verkefni. Rýnihópur frá stærstu verkfræðistofunum ásamt stærstu rafverktökunum kemur að þróun og hugmyndavinnu síðunnar. En framkvæmdin sjálf er á höndum



Ákvæðisvinnustofu. Verkefnið getur talist sem tímamótaverkefni í rafiðnaði og vonar undirritaður að vel takist til.

Notkun ákvæðisgrunnnsins jókst á milli áráanna 2019 og 2020. Fjöldi stofnaðra einingarblaða hefur aukist hvað mest, og er það merki um að fleiri verktakar séu að gera tilboð út frá Ákvæðisvinnuverðskrá.

Einnig hafa ný fyrirtæki bæst í hóp þeirra sem vinna í uppmælingu, og er þar helst að nefna Rýmd sem er með ca 10-20 rafvirkja að vinna í uppmælingu.

Meðaleiningar á tímann í ákvæðisvinnu stóð í stað milli ára. Meðaldagvinnukaup sveina í ákvæðisvinnu voru ca 4200 kr á tímann.

### **Fagråd Tækniskólans:**

Fagråd Tækniskólans var skipað Eftir góða heimsókn í Raftækniskólans var Fagråd skipað að nýju og er það nú skipað Sveinsprófsnefndarmönnum SART

### **Orlofshús SART**

Útleiga á húsinu hefur gengið vel og góð nýting hefur verið á húsinu.

Viðhaldsverkefni hafa verið einhver og búnaður hefur verið endurnýjaður. Almenn ánægja hefur verið með húsið og tel ég að það renni styrkum stoðum undir starfsemi SART að geta veitt félagsmönnum þessa þjónustu þ.e. að hafa orlofshús í boði.

### **Samstarf við SI**

Mikið og gott samstarf er við Samtök iðnaðarins sem eru stærstu og öflugustu hagsmunasamtök atvinnurekenda á landinu.

Á skrifstofu SI starfa í dag 19 sérfræðingar sem veita um að bil 1400 fyrirtækjum þjónustu

á öllum sviðum og í nánú samráði við fyrirtækin sjálf. Þjónusta við félagsmenn er annars vegar við einstök fyrirtæki og starfsgreinahópa en hins vegar þverfagleg, s.s. í gæðamálum, menntamálum og markaðs- og kynningarmálum. Sú birtingarmynd sem flestir félagsmenn SART hafa af SI er samheldinn hópur starfsmanna á Mannvirkjasviðnu sem leitt er af Jóhönnu Klöru Stefánsdóttur. En einnig hafa félagsmenn hafa greiðan aðgang að lögræðingum SI sem unnið hafa mikið og gott starf fyrir félagsmenn á starfsárinu sem er að ljúka. Er þá ótaldir aðrir vinnufélagar og forustumenn innan SI sem vinna mikið og óeigingjarnt starf öllum félagsmönnum til hagsbóta.

Stjórn SI hefur lagt mikla áherslu á menntamál í iðnaði og er ný samþykkt reglugerð um vinnustaðanám nýjasta dæmið þar um. Þrotlaus vinna SI með hagaðilum er farin að skila góðum árangri eins og meðal annars má sjá í stór aukinni aðsókn í iðn og verknám. Stjórn SI hefur látið til sín taka varðandi framtíðaruppbyggingu Tækniskólans. Þess má geta að Ágúst Pétursson stjórnarmaður í SI er kominn í stjórn Tækniskólans og væntum við mikils af hans störfum þar.

Ekki tel ég ástæðu til að tíunda frekar málefni SI hér en samtökin hafa verið ötul við kynningu sinna barátumála bæði í fjölmiðlum sem og fréttabréfum sem send eru öllum félagsmönnum rafrænt.

### **Samtök atvinnulífsins**

Ég vil einnig nefna það hér að allir félagar SART eru aðilar að Samtökum atvinnulífsins og þangað geta þeir sótt sér margvíslega gjaldfría þjónustu. Nefna má þjónustu á sviði kjara og starfsmannamála og m.a. að veitir SA fyrirtækjum lögræðilega ráðgjöf í vinnuráðs- og vinnuréttarmálum. Þá gætir SA hagsmuna aðildarfyrirtækja í samskipum við stéttarfélag og stjórnvöld.

### **Störf innan MSI**

Eins og ofan er getið hefur samstarf okkar við SI ávallt verið gott en það fer að hluta til fram í gegnum MSI og sem fyrr situr formaður SART í stjórn MSI. Núverandi formaður meistaradeildarinnar er Jón Sigurðsson formaður Meistarafélags húsasmiða í Reykjavík. MSI er samsett af formönnum 12 meistarafélaga en eitt meistarafélag í landinu stendur utan þess. Helstu málaflokkar sem fjallað hefur verið um innan MSI á síðasta starfsári eru:

- Iðnaðarlögin og brot á iðnaðarlöggjöfinni, en MSI er að vinna sérstaklega mikið nú í kjölfar ályktunar MSI sem var áskorun til Atvinnumálaráðuneytisins um að endurskoða iðnaðarlögin með áherslu á eftirfylgni brota á lögunum. MSI aðstoðaði iðngreinar við að búa til rökstuðning varðandi það af hverju viðkomandi iðngrein ætti að vera lögvernduð horft til „öryggis og heilsu“ samborgaranna. Þessi rökstuðningur er gull í höndum þeirra sem vinna að hagsmunagæslu iðngreina. Þess má geta að OECD birti skýrslu á haustmánuðum 2020 þar sem nánast var lagt til að taka af alla lögverndun starfa. MSI og SI brugðust hratt við, bæði gagnvart stjórnvöldum og ekki síður í öllum fjölmiðlum. Árangurinn varð sá að ráðherra ákvað að hætta við breytingu á reglugerð sem átti að taka af lögverndun. Þarna vannst mikill sigur. Staðan nú er sú að Björg Ásta, yfir lögfræðingur SI, situr ráðherra (sem fulltrúi MSI) í nefnd á vegum sem er að vinna að því að ná inn „viðurlögum við brotum á Iðnarlögum“.
- Breytingar urðu á Lögum um mannvirki síðastliðið haust sem snúa að því að reyna einfalda hinu ýmsu ferla við samþykki byggingaráforma. Þetta voru breytingar sem mikið til komu að ábendingu SI og MSI.
- Menntamál í byggingariðnaði eru ávallt eitt helsta verkefnið, rafrænar ferilbækur eru að komast í virkni.
- Hvatning til bættra samskipta við sveitarfélög t.d. byggingarfulltrúa er alltaf fyrirferðamikil.
- Virkniskoðun gæðakerfa, á vegum HMS, er komið í gang og er mikil vinna starfsmanna SI við að gæta þess að þar fari úttektarfolk ekki framúr sér í kröfum.
- Vinna við endurskoðun á ÍST 51, breyttur staðall, er í umsagnarferli núna.
- Talning íbúða er framkvæmd tvisvar á ári og orðið ein verðmætasta afurð SI.
- Úthringing til félagsmanna í covid og staðan könnuð. Þess má geta að starfsmenn Mannvirkjasviðs SI hringdu í ca. 500 félagsmenn.
- Meistarinn.is, upplýsingavefur sem hefur heldur betur sannað sig. Á dögum leit dagsins ljós nýtt myndband sem leggur áherslu á löggilta rafverktaka
- Vinna að breytingu á reglugerð um „rörapalla“, þar vannst fullnaðarsigur.
- Endurnýjun þrepavottana SI.
- Aðstoða HMS og ráðuneyti Félagsmála varðandi innleiðingu „hlutdeildarlána“ til fyrstu íbúðakaupendur.
- Aðstoða HMS við smíði nýrrar byggingargáttar 1,5.

Eitt stærsta verkefni MSI nú er stöðvum „leppun“. Stjórn SART hefur samþykkt sérstaka bókun, eins og öll önnur meistarafélög innan MSI, sem lögð verður fram síðar á þessum aðalfundi og óskað eftir starfestingu aðalfundar á að unnið verði að þessu markmiði.

Fyrir nokkru var kynnt lögfræðiálit á ábyrgðum allra þeirra aðila sem að byggingarmálum koma. Óháð lögfræðistofa var fengin til að meta þessa ábyrgðir og fór MSI um allt land og kynnti þessar ábyrgðir. Ég hvet ykkur til að nálgast þessa bæklinga og kynna ykkur innihald þeirra.



### **Mannvirkjaráð SI**

Mannvirkjaráð er skipað tveimur fulltrúum MSI, fulltrúum Ráðgjafaverkfræðinga, SAMARK, Mannvirki (sem eru stærri verktakar bæði í byggingar og jarðvinnu) og þeim stjórnarmönnum SI sem tengjast mannvirkjagerð. Því miður hefur Mannvirkjaráðið ekkert komið saman þetta starfsár.

Helstu málefni sem fjallað hefur verið um í ráðinu, síðustu ár, eru.

- Samræmdar verklýsingar
- Verktryggingar og greiðslutryggingar
- Útboðsmál
- Lög um mannvirki og Byggingareglugerð
- Kennitölufلاك og heilbrigði fyrirtækja

### **Komandi tímar og horfur í atvinnumálum**

Síðustu ár hefur verið mikill uppgangur í mannvirkjagerð almennt á landinu. Þó ástandið í samfélaginu sé eins og það er má segja að mannvirkjagerð sé að mörgu leiti heppið, horft til ýmissa annarra atvinnugreina. Auðvitað viljum við alltaf meira, það er lóðaskortur á höfuðborgarsvæðinu og sveitafélög eru ekki að fara í mikil útboðsverk.

Það er ánægjulegt að ríkisvaldið ákvað að framlengja átakið „Allir vinna“ út árið 2021 en vinna verður að því að þetta átak verði til frambúðar.

Ég vill ljúka þessum kafla með því að hvetja alla meistara til að taka nema. Það er hægt að sækja um styrk/framlag með hverjum nema. Við verðum að tryggja nýliðun í starfsgreinum okkar til framtíðar litið. Leitið til RAFMENNTAR ef ykkur vantar einhverjar upplýsingar um töku nema nú eða hvernig þið sækið um styrk vegna nema.

### **Lokaorð**

Stjórn SART er einstaklega samhent og starfar mjög vel saman. Vill ég nota þetta tækifæri og þakka öllum stjórnarmönnum frábært samstarf.

Ágætu félagsmenn

SART er traust og gott félag. Góður og öflugur málsvari fyrir sína félagsmenn. Við sem í ykkar umboði stöndum vörð um félagið munum gera okkar besta til að félagið megi lifa og dafna um ókomna framtíð.

## **Viðauki 3. Yfirlit frá aðildarfélögum 2020-2021**

*Kristján D. Sigurbergsson, framkvæmdarstjóri SART, flutti samantekt af erindum frá aðildarfélögum á aðalfund SART 28. maí júní 2021*

### **FRT**

Starfsemi hjá okkur í FRT hefur verið í rólegri kantinum síðast liðið ár og fáir fundir haldnir en það litast að sumu leyti af þessari veiru sem hefur heltekið allt.

Fyrirtækjum innan FRT hefur aðeins fækkað og þá helst vegna þess að þau hafa hætt rekstri.

Flestir okkar félagsmenn hafa haft næg verkefni á sinni könnu þrátt fyrir allt og erum bara nokkuð bjartsýnir á framhaldið.

Sigurður Gunnarsson  
Formaður FRT



#### **FRVL**

Engir fundir voru haldnir í félaginu vegna Covid  
Nýlega bættist eitt fyrirtæki í félagið sem telur nú 8 fyrirtæki.  
Magnús Guðjónsson  
Formaður FRVL

#### **FRVF**

Sú ánægjulega tilbreyting varð á starfsemi félagsins á þessu ári að aðalfundur var haldin í desember þrátt fyrir að vetrar veður og ófærð sé gengin í garð. Við vestfirðingar vorum mættir í nútímann og á fjarfund hver í sinni heimabyggð. Þó eitthvað bras hafi verið í byrjun þá smell þetta allt og aðalfundur félagsins góður eins og alltaf þegar þessi hópur hittist.

Verkefnastaða á svæðinu hefur verið mjög góð og allir haft meira en nóg að gera, Vöntun hefur verið á starfsmönnum með fagþekkingu til að standa við allar skuldbindingar.

Vegna pestarinnar varð að fresta haustfundi stjórnar SART hér á Ísafirði en þegar rofaði til var fundurinn haldinn í byrjun mars og heppnaðist afar vel. Það var eftir því tekið hversu góð mæting stjórnarmanna var hingað vestur og vill formaður FRVF færa þeim bestu þakkir fyrir komuna og sýna þannig að bakland okkar er til staðar þó félag okkar sé ekki stórt.

Eftir nokkuð þægilegan vetur samgöngulega séð þá horfum við björtum augum fram veginn. Hér er vegagerð komin nokkuð áleiðis milli norður- og suðurfjarða, gríðarleg uppbygging framundan í eldi fiskjar auk nýtingu annarra auðlinda svæðisins sem koma til að styðja og styrkja byggðir og atvinnurekstur.

Helstu ógnir núna eru ekki veðurfar og náttúruhamfarir, heldur sú óværa í sumu fólki hér syðra að engu megi breyta né bæta á Vestfjarðar kjálkanum. En vonandi rjástlast þetta af þegar skatttekjurnar byrja að streyma héðan í tómann ríkiskassann.

Sævar Óskarsson  
Formaður FRVF

#### **FRN**

Hefðbundið starf lá niðri í vetur vegna Covid en fálagið hélt rafrænan aðalfund þar sem sitjandi stjórn var endurkjörin.  
Mikill hugur er í félagsmönnum og vænti ég þess að við verðum með góða dagskrá þegar Covid er lokið.

Aðalsteinn Arnarsson  
Formaður FRN

#### **FRA**

Starfsárið 2020-2021

Frá síðasta aðalfund Sart hefur aðeins einn formlegur fundur verið haldin það var aðalfundur félagsins sem haldin var á Hótel Héraði í nóvember, fundurinn var ágætlega sóttur þrátt fyrir aðstæður og mættu flestir þeir sem vanalega hafa sótt fundinn en hann var að hluta til fjarfundur þar sem sunnanmenn voru í fjarfundi, var fundurinn góður og eins og oft áður málin endalega krufin yfir góðum kvöldverði. Fundað hefur verið nokkuð reglulega á vegum Sart og höfum við sótt þá fundi bæði á netinu einnig með ferðalögum, hafa þessir fundir verið góðir og eitthvað til að taka



með okkur hér heim með í fjórðunginn.

En eins og lífið gengur þá höfum við misst úr okkar röðum öfluga menn á umliðunum ári en minna verði um nýliðun , atvinnuástand hefur verið með besta móti , og meira en nóg að gera hjá öllum , sem betur fer hafa menn þó haft gæfu til að vinna saman með heilbrigðir samkeppni , því það er samhljómur allra að helsta vandamál allra hér og örugglega víðar sé skortur á hæfum rafiðnaðarmönnum , því er það örugglega sameiginlegt mál okkar allra að standa sem aldrei fyrr vörð um okkar samtök , því erfitt er að ýta hlassi nema allir séu nokkuð samtaka um áttina sem fara á í.

Svanur Freyr Jóhannsson  
Formaður FRA

### **FRS**

Aðalfundur Sart 28. maí 2021. Stutt ágrip frá formanni úr starfi FRS. Ágætu félagar, við hittumst nú að venju á aðalfundi SART og tökum stöðuna og berum saman bækur okkar. Covid hefur eflaust minnt okkur flest á mikilvægi þess að hittast og hversu mikilvægt allt félagsstarf er því þrífumst við. Þetta covid ástand hefur haft þá ókosti að mest allt félagstarf hefur legið niðri síðasta ár en kennt okkur að nota fjarfundarbúnað sem getur létt okkur ýmis störf og lækkað kostnað. Vonandi sjáum við nú fyrir endann á þessu ástandi og að lífið fari að komast í eðlilegt horf aftur. Framundan næstu ár er endurreisn efnahags Íslands eftir Covid og eru rafverktakar mikilvægir liðsmenn í endurreisninni.

Takk fyrir Magnús Gíslason, Formaður FRS.

### **Rafverktakafélag Suðurnesja**

Hélt aðalfund sinn á hótél Keflavík fimmtudaginn 24.02.2021 kl. 17:00 og var stjórnin endurkjörin einróma.

Á starfsárinu hefur ekki farið mikið fyrir formlegum fundum hjá félaginu en stjórnarmenn verið í símasambandi eftir þörfum og verið í góðu sambandi við skrifstofu SART.

Ég veit að margir söknuðu þess að ekki var hægt að halda okkar árlega Jólafund,sem var miður en eins og allir vita stjórnaði Covid því,vonandi verður sá vágestur horfinn er kemur að næsta Jólafundi.

Framhald hefur verið á afhendingu á spjaldtölvum sem SART og RSÍ ásamt RAFMENNT hafa afhent til allra nýnema í rafiðnaðar námi hjá FS

Í félagi Rafverktaka á Suðurnesjum eru núna 14 fyrirtæki í dag einn gekk út og einn kom inn. og einnig eru tveir heiðursfélagar þeir Sæmundur Einarsson og Sigurður Ingvarsson sem nýlega lét af störfum eftir

Arnbjörn Óskarsson  
Formaður FRA

### **Viðauki 4. Skýrsla formanns FLR**

*Eftirfarandi er kynningin eins og hún var borin fram af Pétri H. Halldórssyni, formanni FLR, á aðalfund SART 28. maí 2021.*

FIR fundaði 10 sinnum á síðasta ári, eða einu sinni í mánuði, að jafnaði utan tvo mánuði yfir sumarið

Covid setti smá strik í fundahöld , en líkt og aðrir fórum við í fjarfundi þegar það bar undir og gekk það bærillega



Á síðasta starfsári gengu 4 nýir félagsmenn í FLR, og af þessu ári eru komnir 3 nýir félagsmenn.

Fundað var með Veitum á síðasta ári vegna þjónustustigs þeirra sem hefur farið síversnandi á undaförnum misserum og lofað var að bæta úr því, sem jú lagðist um tíma, en aftur hefur flest farið í sama horfið.

Miklar umræður voru um upptöku virks vinnutíma og fengu félagsmenn aðstoð vinnumarkaðssviðs SA, sem þess óskuðu við innleiðingu hjá sínum fyrirtækjum.

FLR gerði sitt besta í því að taka hart á réttindalausum „rafverktökum“ og í kjölfar þess voru gefnar út 3 kærur til lögreglu, sem er okkar næsta stjórnvald, en við eftirgrennslan er nú ekki mikill þungi í rannsókn Lögreglunnar í þessum málaflokk. Það er farið að bera á því að réttindalausir séu að auglýsa þjónustu sína mikið á samfélagsmiðlum, og er vel fylgst með því og er það umsvifalaust tilkynnt til HMS til skoðunar hjá þeim.

Það er áhyggjuefni hve litla athygli slík hagsmunamál fá hjá yfirvöldum.

Við tókum þátt í vinnu sem miðaði að því að viðhalda lögverndum á iðngreinum á Íslandi, en atлага var gerð að réttindum okkar, sem tókst að afstýra sem betur fer

Við tókum eins og önnur meistarafélög þátt í auglýsingapakka SI, á meistarinn.is, því við teljum skyldu okkar að halda réttindum okkar fagmanna á lofti, og forða þá vonandi slysum.

Leikreglur á útboðsmarkaði, voru til umfjöllunar hjá okkur og við veltum fyrir okkur hvort við gætum orðið leiðandi afl í breytingum á útboðsreglum, þar er víða pottur brotinn er það varðar við gerð og framkvæmd útboða að okkar mati.

Við áttum samtalið við heildsöluvarnarmann okkar sem við skiptum nú allflestir við og ræddum um hvernig mætti auka þjónustuna við okkur rafverktakana, allar heildsöluvarnarmann tóku okkur gríðarlega vel.

FLR samþykkti á stjórnarfundum sínum ályktun um að fordæma leppum og berjast gegn henni innan félagsins og verður ályktunin lög fyrir aðalfund til staðfestingar

Mig langar að minnast hér á í lokin, að fyrir um ári síðan, lagði SI fram kærur á hendur Veitum vegna samnings á viðhaldi ljósastaura í höfuðborginni, Þetta verkefni var afhent ON dótturfyrirtækni Veitna, án útboðs, skemmst er að segja frá því að nú í síðustu viku vannst fullnaðar sigur í því máli og er Veitum núna skylt að bjóða þetta út. Veitum fannst í svari þeirra, þetta vera frekar lítilfjörlegt verkefni, en verðmæti þessa verkefnis er hátt í 6 milljarðar.

Þessum árangri getum við þakkað lögfræðiteymi SI, þeim Björgu Ástu og Steinunni sem ásamt Jóhönnu Klöru sviðsstjóra Mannvirkjasviðs SI, báru hitann og þungann í þessu verkefni og náðu þessari glæsilegu niðurstöðu.

Þetta skiptir okkur verktakana gríðarlegu máli, að opinber fyrirtæki bjóði út verkefni sérstaklega af þessari stærðargráðu, og þau komist ekki upp með að sleppa því.

Pétur H. Halldórsson.